

Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Skógum, mánudaginn 8. maí 2017 kl: 11,00.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Eiríkur Tryggvi Ástþórsson, Benedikt Benediktsson, Bjarki Guðnason, Egill Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, Þorgils Torfi Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Birkir Tómasson og Guðmundur Einarsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Fundarsetning.

Egill Sigurðsson formaður Héraðsnefndar Rangæinga setti fund og stýrði honum.

2. Málefni Skógasafns.

Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Skógasafns var gestur fundarins undir þessum lið. Sverrir greindi frá því að fjölgun hefði orðið í gestakomum á Skógsafn og að gestir dreifðust meira yfir árið en áður var. Nýtt anddyri við safnið er að verða fullgert og verður tekið í notkun á næstunni. Ríkissjóður hefur gert Skógasafni tilboð um að kaupa byggingar Skógaskóla fyrir kr. 150.000.000,- Verði af kaupum er fyrirhugað að selja húsin aftur undir starfsemi sem gæti fallið vel að starfsemi Skógasafns. Héraðsnefndirnar veita stjórn Skógasafns heimild til að ganga til samninga við Ríkissjóð um kaup á húsunum. Ákvörðunin er háð samþykki sveitarstjórna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum.

3. Lóðamál í Skógum.

3.1. Rætt um að gerður verði samningur við Rangárþing eystra, um umsjón og rekstur á lóðum, hitaveitu og vatnsveitu í þéttbýlinu í Skógum. Héraðsráði Héraðsnefndar Rangæinga, ásamt oddvita og varaoddvita Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu falið að vinna málið áfram. Jafnframt er þessum aðilum veitt heimild til að leita eftir lögfræðilegri aðstoð við útfærslu á samningi. Stefnt skal að því fullgerður samningur verði lagður fyrir sameiginlegan fund héraðsnefndanna síðar í sumar.

3.2. Afgreiðslu á erindum Smára Ólafssonar, Kára Rafns Þorbergssonar og Hótels Skóga ehf, frestað þar til gengið hefur verið frá samningi samkvæmt lið 3.1.

4. Tónleikahald við Skógafoss.

Leitað hefur verið til landeigenda við Skógafoss eftir leyfi til að halda tónleika við fossinn í sumar. Héraðsnefndirnar hafna erindinu fyrir sitt leyti.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 13,50

Guðmundur Einarsson fundarritari